

Kvenfrelsi eða jafnrétti?

Kvennalistinn á átta ára afmæli um þessar mundir. Konur um allt land halda upp á afmælið með ýmsum hætti.

Pó ýmislegt hafi áunnist í máléfnum kvenna finna konur þó að það er ekki síður nauðsynlegt nú en fyrir átta árum að tryggja að rödd kvenna hljómi í bingsölum -ekki síður en annars staðar í samfélagitnu. Því hafa konur ákveðið að bjóða fram kvennalista í öllum kjördæmum landsins í komandi kosningum.

Lifssýn kvenna að leiðarljósi

Kvennalistinn er stjórnmálafl sem vill breyta samfélagini í þá veru að virðing fyrir lífi og samábyrgð þegnanna sitji í öndvegi og að reynsla og menning kvenna sé höfð að leiðarljósi þegar stefna er mörkuð í samfélagini, ekki síður en reynsla og menning karla sem hefur verið allsráðandi til þessa.

Jafnframt leggja kvennalistakonur áherslu á vinnubrögð þar sem lýðræði og valddreifing situr í fyrírrúmi og vilja að slik vinnubrögð séu ástunduð á öllum svíðum samfélagsins. Valddreifing tryggir ábyrgð og virkni margra, það hefur ekki síst sýnt sig í starfi Kvennalistans þar sem ábyrgðin dreifist á hendur margra kvenna.

Skilningur á hugtakinu „jafnrétti“

Þrátt fyrir að jafnrétti kvenna og karla sé tryggt með lögum fer því enn fjarri að hægt sé að tala um rauniverulegt jafnrétti. Skiptir þar ef til vill mestu að skilningur manna á hugtakinu „jafnrétti“ virðist afar mismunandi. Kvennalistakonur hafna þeim skilningi sem birtist í því að til þess að jafnrétti náiast verði konurnar að fara í karlastörf.

Konur, rétt eins og karlar, verða

Kjallarinn



Danfriður Skarphéðinsdóttir
þingkona Kvennalistans og
skipar 1. sæll framboðslistans
á Vesturlandi

„Sá skilningur að jafnrétti felist í því að konur fari í karlastörfin er því miður enn útbreiddur en alvarlegast er þó að þessi skilningur skuli enn skína í gegn hjá stjórnvöldum.“

að fá að velja hvers konar störf þær kjósa að stunda. Lausnir felst í því að endurmeta þau störf sem konur vinna, bannig að uppeldis-, þjónustu- og umönnunarþættir hefðibundinna kvennastarfa verði metnir til jafns við aðra þætti sem vegar buntg í starfsmati.

Sá skilningur að jafnrétti felist í því að konur fari í karlastörfin er því miður enn útbreiddur en alvarlegast er þó að þessi skilningur skuli enn skína í gegn hjá stjórnvöldum.

Jafnrétti frá sjónarhóli kvenna

Hugmyndir stjórnvalda um jafnrétti og skilningur kemur skýrt fram í þeim áherslum sem birtast í jafnréttisáætlunum ráðuneyt-

í jafnréttisáætlunum sem lögum samkvæmt eru unnar á vegum ráðuneyta koma fram áherslur ráðuneytanna í Stjórnarráði Íslands um það hvernig menn á þeim bæjum ætla að stuðla að jafnrétti.

„Jafnréttis“áætlanir ráðuneyta

Í iðnaðarráðuneytinu eru helst uppi þær hugmyndir að lokka konur til starfa í nýju álveri. Samgönguráðuneytið ætlaði að auglysingum sínum að hvetja konur sérstaklega til að sækja um störf í vegavinnuflokkum og línuflokkum Pósts og síma. Heilbrigðisráðuneytið hefur engin áform uppi um að fylga körlum í störfum sjúkraliða og hjúkrunarfræðinga svo dæmi séu nefnd.

Forsætisráðuneytið ætlaði að halda áfram að fela Bjóðhagsstofnun að gefa út skýrslur um laun



Þrátt fyrir aukna menntun kvenna og fullan vinnudag utan heimilis er launabil milli karla og kvenna ennþá mikil, segir m.a. í greininni.

anna. Kvennalistakonur hafna jafnrétti sem felst í því að konum sé víða í karlastörf - konur vilja fá að starfa í samfélagini og móta það á sínum eigin forsendum. Þær vilja samfélag þar sem kvenfrelsi ríkir og benda að allt sem getur orðið til að bæta stöðu kvenna skilar sér í betra og réttlátara þjóðfélagi fyrir okkur öll.

Kvennalistakonur hafa í starfi sín lagt mikla áherslu á launa- og kjaramál kvenna enda ljóst að efnahagslegt sjálfstæði kvenna er forsendan fyrir jafnrétti kynjanna.

Nýlegar tölur sýna að þrátt fyrir aukna menntun kvenna og þá staðreynd að æ fleiri konur vinna fullan vinnudag utan heimilis er launabil milli karla og kvenna ennþá mikil. Heildartekjur kvenna í fullu starfi eru aðeins um 60% af tekjum karla í fullu starfi. Þetta er mestri launamunur milli karla og

kvenna á Norðurlöndunum. Þetta telja kvennalistakonur með öllu óverjandi.

Tillögur Kvennalistans í launa- og kjaramálum

Þingkonur Kvennalistans hafa því flutt fjölda tillagna á Alþingi um launa- og kjaramál sein miða að því að bæta kjör hinna legst-launuðu en í þeim hópi eru konur langflestar.

Meirihluti Alþingis hefur ekki viljað samþykka tillögur Kvennalistans.

Launa- og kjaramál verða áfram aðaláherslumál Kvennalistans. Til þess að tillögur Kvennalistans nái fram að ganga þurfa konur að vinna saman að því að fylga þeim konum á þingi sem vilja vinna að bættum kjörum kvenna.

Danfriður Skarphéðinsdóttir